

Fundum deilda Alþingis lauk í fyrrinótt

EINS og frá var skýrt í blaðinu í gær lauk fundum beggja deilda Alþingis í fyrrinótt. Í lok funda þökk- uðu forsetar deildanna, Sigurður Óli Ólafsson og Sigurður Bjarnason, þingmönnum samskipti og árnúðu þeim og fjölskyldum þeirra allra heilla. Karl Kristjánsson og Lúðvík Jósefsson þökk- uðu fyrir hönd þingmanna.

Haldnir voru 73 fundir í hvorri deild. Voru lögð fram 29 stjórnarfrumvörp og fram borin 16 þingmannafrumvörp í efri deild, en 30 stjórnarfrumvörp og 56 þingmannafrumvörp í neðri deild. Voru 46 stjórnarfrumvörp afgreidd sem lög, 13 þingmannafrumvörp og eitt frumvarp til stjórnskiðunarlaganna. Eitt þingmannafrumvarp var afgreitt með rökstuddri dagskrá og 12 stjórnarfrumvörp og 58 þingmannafrumvörp urðu eigi útrædd. Þá voru þrjár þingsályktanir bornar fram í neðri deild. Ein var samþykkt, ein felld og ein varð eigi útrædd.

Að loknum fundi í efri deild þakkaði forseti deildarinnar, Sigurður Óli Ólafsson, þingdeildarmönnum samstarf og mælti svo:

Þá er þessu þingi senn að ljúka, þingi, sem er hið síðasta á yfirstandandi kjörtímabili. Þetta verður síðasti fundur þessarar háttvirtu deildar fyrir þinglok. Í hönd fara kosningar til alþingis. Margir af núverandi alþingismönnum koma til að eiga sæti á næsta þingi, en þó eru nokkrir sem hverfa nú af þingi þar sem þeir verða ekki í kjöri við næstu kosningar.

Í þessari háttvirtu deild munu vera nokkrir alþingismenn sem þannig er ástætt um. Þar sem ég er einn í þeirra hópi sem ekki verða í kjöri við næstu alþingiskosningar, hefi ég sérstaka ástæðu til að þakka háttvirtum þingdeildarmönnum fyrir ánægjulega samveru og samvinnu á undanförunum árum. Þar hefir aldrei fallið skuggi á.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka ykkur góða fundarsókn, stundvísu, umburðarlyndi

við mig sem forseta og leiðbeiningar mér veittar þegar eitthvað hefir farið úrhendis hjá mér í starfi.

Þetta vil ég segja við ykkur alla, háttvirtir þingdeildarmenn. Þá vil ég þakka varaforsetum deildarinnar fyrir þá hjálp og aðstoð sem þeir hafa veitt mér, þegar ég hefi þurft á að halda.

Skrifurum deildarinnar vil ég sérstaklega þakka þeirra ágæta starf, skyldurækni og stundvísu. Þeir hafa ávallt verið komnir í sæti sín þegar fundir hefjast og ekki vikið frá nema óska leyfis. Þeir eiga ekki svo lítinn þátt í því að þingstörf gangi greiðlega. Fyrir það ber að þakka sem ég geri hér með.

Þá vil ég þakka skrifstofustjóra Alþingis ánægjulegt samstarf á liðnum árum, þakka honum leiðbeiningar mér veittar sem forseta og alla samvinnu sem hefir verið hin ánægjulegasta í alla staði. Öðru starfsfólki Alþingis öllu, þakka ég góða og ánægjulega samvinnu.

Að lokum vil ég óska ykkur, háttvirtu þingdeildarmönnum og fjölskyldum ykkar og starfslíði Alþingis, gleðilegs komandi sumars og allra heilla í framtíðinni. Þingmönnum utan af landsbyggðinni óska ég góðrar ferðar heim og ánægjulegrar heimkomu, og þeim ykkar, sem nú taka þátt í kosningahriðinni óska ég góðs gengis.

Karl Kristjánsson, er nú lætur af þingmennsku mælti fyrir hönd þingdeildarmanna og þakkaði forseta fyrir alúðlegu þakki og kveðjuorð. Sigurður Óli hefið nú verið forseti í átta ár. Karl Kristjánsson sagði, að hann teldi sérstaka ástæðu til að þakka forseta fyrir einstaklega

þrúðmannlega fundarstjórn, sem hefði verið sanngjörn og gott undir að búa. Þá óskaði hann forseta og fjölskyldu hans allra heilla, svo og starfsmönnum Alþingis og þakkaði þeim góð störf. Að lokum óskaði hann þingmönnum gleðilegs sumars og bað þá taka undir þakkarorð sín til forseta með því að rísa úr sætum. Rísu þingmenn úr sætum. Þá þakkaði forseti Karli Kristjánssyni svo og þingmönnum og sleit fundi.

Í lok fundar í neðri deild þakkaði Sigurður Bjarnason þingmönnum fyrir samstarf og mælti svo:

Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd. að þessu sinni, leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. góða og drengilega samvinnu við mig sem forseta á liðnum vetri og því kjörtímabili, sem nú er á þrotum. Jafnframt leyfi ég mér að óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra alls velfarnaðar. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Að lokum vil ég óska öllum hv. þdm. gleðilegs sumars, árs og friðar.

Lúðvík Jósefsson mælti fyrir hönd þingdeildarmanna og þakkaði forseta fyrir gott samstarf og góða og röggsama fundarstjórn. Þá óskaði Lúðvík forseta og fjölskyldu hans gleðilegs sumars og góðrar hamingju. Bað hann þingdeildarmenn að taka undir orð sín með því að rísa úr sætum. Rísu þingmenn og úr sætum. Að lokum þakkaði forseti Lúðvík Jósefssyni fyrir hlý orð í sinn garð og sinnar fjölskyldu og endurtók árnaðaróskir sínar til þingmanna. Sleit forseti síðan fundi.

Lendingarleyfi afturkallað

Kaupmannahöfn, 19. apríl. Einkaskeyti til Mbl.

Samgöngumálaráðherra Dana, Sven Horn, hefur í samráði við ráðherra í Noregi og Svíþjóð,

í FYRRINÓTT var brotizið inn í afgreiðslu smjörlikisgerðarinnar. Braut þjófurinn rúðu og komst inn í húsið með þeim hætti. Fór hann um allt hús og mólvaði upp hurðir unz hann komst þar að skrifborði, sem hann braut upp skúffur í. Fann hann þar um 8000 kr., sem hann stakk í vasann. Einnig komst hann yfir bílplötuspilara, sem hann hafði á brott með sér.

sem fara með samgöngumál, afturkallað leyfi Loftleiða til þess að nota RR-400 flugvélar sínar á leiðinni Reykjavík-Kaupmannahöfn.

Að undanförunu hafa Loftleiðir flogið. Þessari leið á RR-400, en leyfi til þess fengu þeir vegna banns bandarískra yfirvalda á notkun DC-6B. Var bannið vegna bilunar í loftþrýstiútbúnaði véla af DC-6B-gerð. Lendingarleyfið gildi til 15. apríl.

Banni við notkun DC-6B hefur verið aflétt og framlengingar beiðni Loftleiða synjað.

— Rytgaard.

Síldarmagnið er 2% af útfluttu magni

MBL. barst í gær fréttatilkynning vegna fréttar frá NTB, sem birtist á baksíðu Mbl. í gær. Fréttatilkynningin er svohljóðandi:

„Í dagblöðum í Reykjavík birtist í dag frétt frá NTB, sem höfð er eftir Bergens Tidende um stórfelldar skemmdir í síld frá Íslandi.

Vegna þess að frásögn hins norska blaðs er í verulegum atvikið um alröng og að öðru leyti ýkt og villandi telur SÚN rétt að taka fram eftirfarandi:

Í saltsíld hafa engar skemmdir komið fram. Þvert á móti hafa kaupendur látið í ljós það álit, að gæði saltsíldarinnar frá verstíðinni í fyrra séu betri en verið hafi um langt árabil.

Öll sykursíld og kryddsíld, er skoðuð af kaupendum áður en útflutningur fer fram, og segja þeir þá til um hvort þeir samþykkja síldina sem samningshæfa vöru í því sambandi skal þess getið, að öll sykur- og kryddsíld, sem til Svíþjóðar og Danmerkur fer — en það er meginhlutið framleiðslunnar — er viðurkennd af umboðsmönnum

kaupenda þegar við söltun, bæði að því er varðar val fersksíldar og hvernig verkun skuli hagað.

Kaupendur hafa því samþykkt alla þá síld, sem út hefur verið flutt sl. ár eins og á undanförunum árum og er engin síld flutt út úr landinu nema hún hafi áður verið skoðuð og samþykkt af hálfu kaupenda.

Kvartanir hafa að þessu sinni samt borizt eftir á frá nokkrum kaupendum um skemmda síld. Nemur það magn sem kvartað hefur verið yfir um 2% af heildarmagni þeirrar síldar sem út hefur verið flutt af framleiðslu síðastliðins árs. Auk þessa liggur enn í landinu talsvert magn síldar. eða um 5% af heildarframleiðslunni. sem ekki hefur enn verið útflutt.

Orsakir til galla á síld geta verið margvíslegar, og hefur oftast tekizt að leysa vandamál, sem upp hafa komið með samkomulagi milli seljanda og kaupenda. Rangar fréttastofu- eða blaða-fregnir geta aftur á móti aldrei leitt til eðlilegrar lausnar á þessum málum frekar en öðrum“.

Bandaríkjamenn gera Hanoi enn tilboð

Washington, Sagigon, 19. apríl, AP.

BANDARÍSKA utanríkis-málaráðuneytið tilkynnti í dag, að Bandaríkin og stjórn S-Vietnam væru reiðubúin að draga heraflla sinn 16 km suður frá hlutlausu beltinu, ef N-Vietnam drægu liðs-aflla sinn 16 km norður frá beltinu. Ekkert svar barst frá Hanoi í gær við þessu tilboði Bandaríkjanna.

Bandarískar þotur fóru í 145 árásarferðir á N-Vietnam í dag og eru það aðrar mestu loftárásir, sem gerðar hafa verið á N-

Vietnam á þessu ári. — Var sprengd í loft upp stálverk-smíðja 61 km norður af Hanoi.

Talsmaður Saigon-stjórnarinnar gaf í skyn, að loftárásirnar yrðu enn auknar innan tíðar, þegar veður tekur að hægja.

Stjórn N-Vietnam hefur ásak- að Ísrael fyrir að reka árásar- stefnu og krafist þess að stjórn landsins leggi hana tafarlaust niður. Utanríkisráðuneyti N-Vietnam sagði í tilkynningu á þriðjudag, að opinberir ísraelskir embættismenn væru „þjón ar bandarískrar heimsvalda- stefnu“, og að Sýrland berðist „réttlátri baráttu“ og mundi vinna „dýrlegan sigur“.

Tvö apótek opin í dag

Enginn samningafundur boðaður

EKKERT nýtt er að fréttar af vinnustöðvun lyfjafraeðinga og hefur fundur enn ekki verið boð- aður í deildinni. Halda apótek- arar enn áfram að afgreiða lyf

til viðskiptavina, svo sem verið hefur frá því að vinnustöðvunin hófst. Í dag verða tvö apótek opin milli kl. 10 og 16, Austur- bæjarapótek og Garðsapótek.

Listvefnaðarsýning í Unuhúsi

Í DAG opnar Ásgerður Búa- dóttir sýningu á listvefnaði í Unuhúsi við Veghúsastíg (Helga felli). Á sýningu Ásgerðar eru 11 teppi, er hún hefur ofið á undanförunum fjórum árum, en flest þeirra eru frá árunum 1965 og 1966. Í vefnað sinn notar Ásgerður íslenska ull og eru sauðalitirnir áberandi í teppun- um. Ásgerður Búdóttir sýndi listvefnað í Bogasal Þjóðminja- safnsins fyrir nokkrum árum, en hefur að auki tekið þátt í mörgum sýningum erlendis. Í München hlaut hún gullverðlaun fyrir eitt af verkum sínum. Tepp in á sýningu Ásgerðar nefnast: Flagðafeldur, Venus, Maí, Still- ur, Úlfgríma, Vigilia, Krossfarar, Lognharpa, Haustskógur, Húm og Vetrarhugur.


Sem fyrr segir verður sýning Ásgerðar opnuð í dag og verður opin til 10 á hverju kvöldi fram

yfir helgi, en síðan á venjuleg- um verzlunartíma, nema um helgar en þá verður sýningin opin til kl. 10.

— Adenauer

Framh. af bls. 1
auers opinberlega, var núver- andi kanzlari Vestur-Þýzka- lands, Kurt Georg Kiesinger. Hann sagði meðal annars, að honum hefði verið gefið það, sem aðeins fáum mönnum væri gefið — að reisa föðurland sitt úr dýpstu niðurlægingu til sam- félags við aðrar frjálsar þjóðir.

Þýzkar útvarpsstöðvar gerðu þegar hlé á dagskrám sínum og sendu einungis út sorgartónlist og ræður og minningarorð stjórn málaleiðtoga. Sjórnvarpsstöðvar gerðu hið sama, — en venjulega senda þær ekki út fyrr en síðari hluta dags.



Alþingi hefur verið slitið og þingmenn ganga úr bingsal. Á myndinni eru m.a.: Hannibal Valdemarsson, Hermann Jónasson, Sigurður Óli Ólafsson og Matthias Á. Mathiesen. (Ljós. Mbl. Ól. K. M.)